

Nd.

56. Frumvarp

til laga um heiti á allsherjarstofnunum og störfum á Íslandi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Stofnanir þær hér á landi, sem eru allsherjar stofnanir og hafa hingað til verið nefndar landsstofnanir, svo og embætti þau og sýslanir, er einkent hefir verið á sama hátt, skal eftirleiðis kenna við þjóð eða ríki; skal landssjóður heita þjóðfjárhirzla eða ríkissjóður Íslands, gjaldkeri landssjóðs þjóðféhirðir eða ríkisféhirðir eða gjaldkeri Íslands, landritari skal nefnast ríkisritari, landsbanki

Þjóð- eða ríkisbanki Íslands, landsbókasafn þjóð- eða ríkisbókasafn Íslands, lands-
skjalasafn þjóð- eða ríkisskjalasafn Íslands, landlæknir þjóð- eða ríkislæknir, og
slikt hið sama um aðrar þvilíkar stofnanir, embætti eða sýslanir, sem nú eru eða
verða kunna, nema þeim sé eða verði fundið annað heiti, er þó dragi ekki úr
því, að þar sé átt við ríkis- eða þjóðstörf eða stofnanir.

2. gr.

Þar sem svo stendur á, að heiti hafa þegar verið letruð á einhverjar alls-
herjar stofnanir eða opinberar byggingar með hinum fyrra hættinum, þá skal
þeim breytt samkvæmt því, sem segir í 1. gr. laga þessara.